

FRÉTTABRÉF ÞFÍ

Febrúar 2018.

Farsældaróskir.

Stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga (ÞFÍ) óskar félagmönnum farsældar á nýju ári og þakkar samfylgdina 2017. Við horfum bjartsýn fram á við og kynnum nokkur atriði sem eru framundan í starfseminni.

Næst okkur í tíma er fræðslufundurinn 22. þ.m. Við vonumst til að sjá sem flesta þá. Sjá nánar hér að neðan.

AFMÆLI.

Fyrst víkjum við örstutt að sögunni: ÞFÍ var stofnað 1939 á tuttugu ára afmæli Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (heitir nú INL NA þar sem Norður Ameríka kom í stað Vesturheims) sem stofnað var 1919. Á næsta ári eru því stórafmæli systurfélaganna. Haldið verður upp á hundrað ára afmæli INL NA í Winnipeg þar sem félagið var stofnað fyrir öld. Þing INL NA verður haldið þar í borg fimmtud. 16. til sunnud. 19. maí 2019. Ekki er ólíklegt að margir héðan vilji fagna með frændum okkar í Winnipeg. Áttatíu ára afmælis ÞFÍ verður m.a. minnst í Reykjavík á Þjóðræknisþingi í ágúst 2019. Nánar um þessi merkisafmæli þegar nær dregur.

FRÆÐSLUFUNDUR ÞFÍ 22. febrúar 2018 kl. 16:30 í utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25:
Tvö spennandi og skemmtileg erindi með kaffihléi á milli.

ALLIR VELKOMNIR - TAKIÐ MEÐ YKKUR GESTI.

Fyrri erindið flytur **Úlfar Bragason**, rannsóknarprófessor hjá Árnastofnun:
Frelsi, menning, framför: Um bréf og greinar Jóns Halldórssonar



Frelsi, menning, framför

Um bréf og greinar Jóns Halldórssonar

Úlfar Bragason

Bókin fjallar um allt ritað efni sem Jón Halldórsson (1838–1919) lét eftir sig: kvæði, greinar, dagbók, æviágrip, bréf og ljósmyndir og er auk þess reist á öðru sem tekist hefur að grafa upp um lífshlaup hans. Jón var meðal fyrstu Íslendinganna sem fluttust til Fyrirheitna landsins og bjó lengst af í Nebraska.

200 bls.

Háskólaútgáfan

Í bókinni *Atriðum ævi minnar*, sem kom út hjá Háskólaútgáfunni 2005, var birt úrval eftirlátinna bréfa, greina og ævisögubrot Jóns Halldórssonar (1838–1919) í stað þeirrar frásagnar, sem hann ætlaði að rita um líf sitt, eftir að hann fluttist frá Stóruvöllum í Bárðardal vestur um haf 1872, en tókst ekki að ljúka. Textinn átti að vera eins konar (sjálfs)ævisaga í klippiformi.

Frelsi, menning, framför fjallar hins vegar um allar þær heimildir sem Jón Halldórsson lét eftir sig: kvæði, greinar, dagbók, æviágrip, bréf og ljósmyndir og er auk þess reist á öðru sem tekist hefur að grafa upp um lífshlaup hans. Jón var meðal fyrstu Íslendinganna, sem fluttust til Fyrirheitna landsins, og bjó lengst af í Nebraska. Bókin gerir grein fyrir þeim hugmyndum sem vesturfararnir höfðu um Ameríku, þær forsendur, sem Jón Halldórsson taldi sig hafa til frambúðar á Íslandi, og væntingar sem hann hafði með því að létta heimdraganum. Fjallað er um bréfaskriftir Jóns, áhrif sem hann gæti hafa haft til þess að ættingjar hans og vinir fylgdu í kjölfar hans og samskipti hans við landa sína vestanhafs. Þá er rætt hvernig Jón Halldórsson mat lífshlaup sitt á gamals aldri, aðlögun hans að nýjum heimkynnum og viðhorf hans til gamla landsins.

Í erindinu verður gerð grein fyrir bókinni sem kom út hjá Háskólaútgáfunni 2017.

Að loknu [kaffihléinu](#) flytur

Gunnlaug Birta Þorgrímsdóttir erindið:

Forsetninganotkun vesturíslenskra erfðarmálshafa, afbrigðileg eða eðlileg?

Morgunblaðið fjallaði 30.1. sl. svona um BA ritgerð Gunlaugar Birtu:

Hugmynd að lokaritgerð varð til í Vesturheimi

● V-Íslendingar og útlendingar, sem læra íslensku sem annað mál, gera sömu villur

Steinþór Guðbjartsson
stenthor@mbi.us

Algeigt er að Vestur-Íslendingar og útlendingar, sem læra íslensku sem annað mál, geri sömu villur í sambandi við notkun forsetnings, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Gunnlaugar Birtu Þorgrímsdóttur í lokaritgerð í íslensku til BA-prófs við Háskóla Íslands, sem hún skilaði í lokinu viku.

Hugmyndina að ritgerðinni fékk Gunnlaug eftir að hafa tekið þátt í Snorra West verkefninu í Minnesota, Norður-Dakóta og Manitoba í Norður-Ameríku sumarið 2016. Þar kynntist hún líka fjarskyldum attingjum sem hún hafði ekki hugmynd um áður og hekkur enn góða sambandi við þá. „Við hittumst vonandi fljótlega aftur,“ segir hún.

Verkefni Gunnlaugar snerist um að skoða bréf frá vestur-íslenskri konu, bréf Jónu, til frændfólks á Íslandi á um 70 ára tímabili og kanna hvort villur væru í forsetninganotkun hennar. Til samanburðar kannaði Gunnlaug hvort nemendur sem lærðu íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands gerðu svipaðar villur, hvort þeir notuðu til dæmis „f“ þegar nota skal „á“ samkvæmt íslenskri málfræði.

Gunnlaug bendir á að Jóna lærði íslensku sem barn á máltöskuleikinu, en ólet upp í umhverfi þar sem hún gat lítið notað málið. Háskólanemendurnir, sem voru um og yfir tvítugt og því ekki lengur á máltöskuleikni, þegar klæmunin fór fram, komu til Íslands til þess að læra íslensku. Þeir voru í samfélagi þar sem þeir beyrðu vart annað en íslensku. „Ég dró þá ályktun að málfræðikunnátt væri svipað hjá annarsmálshöfum og erfðarmálshöfum,“ segir Gunnlaug og vísar til þess að sömu hlutir varðandi forsetningar væru erfðastir fyrir báða hópana. „Jóna hefði átt að vita betur því hún lærði málfræðina fullkomlega, þegar hún var barn, en vegna þess að hún fékk ekki tækifæri til þess að beyra íslensku og nota hana hrakði kunnáttu hennar.“

Auglýsing varð til þess að Gunnlaug sótti um að taka þátt í Snorra West. „Þetta var algjör tilviljun,“ segir hún og bætir við að ferðin sé einza



Snorri West í Mountain í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum 2016. Frá vinstri: Tómas H. Tómasson, Gunnlaug Birta Þorgrímsdóttir, Vala Margrét Jóhannsdóttir (í appelsínugulu) og Sesselía Ólafsdóttir.



Frænkur Gunnlaug kynntist Mary Lorraine Bloomer í Winnipeg í Kanada og bjó hjá henni.

ferð hennar vestur um haf til þessa en hún hafði kynnst mörgu áhugaverðu fólki og samfélagi sem hún vissi ekkert um áður. „Það var fræð-

andi að kynna þessari menningu og kynni af fólki, sem kunnir íslensku en talaði hana ekki vel, því það hafði fátækifæri til þess að tala hana, kveiktu áhuga hjá mér á að rannsaka málið frekar.“

Kynning í næstu viku

Snorra West verkefnið (www.snorri.is) hefur staðið yfir árið síðan 2001 og er skipulagning nú í höndum Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi með aðstoð frá Norræna félaginu og Þjóðræknisfélagi Íslendinga hérlendis. Boð er upp á misunandi svæði og næst verður verkefnið í Washingtonborg, Toronto, Ottawa, L'Anse Aux Meadows og Halifax 16. júní til 14. júlí í sumar, en alls hafa um 100 íslensk ungmennti tekið þátt í því frá upphafi. Snorri West og Nordjobb verða með opið hús á skrifstofu Norræna félagsins kl. 17-19 fimmtudaginn 8. febrúar, en umsóknarfrestur til að taka þátt í verkefninu í sumar er til og með 23. febrúar n.k.

[AÐALFUNDUR ÞFÍ verður haldinn í utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 12. apríl 2018 kl. 16:30.](#)

Venjuleg aðalfundarstörf, þ.m.t. kosning stjórnar.

Kaffihlé

Að því loknu mun **Sunna Pam Furstenau**, sem senn lætur af starfi forseta INL NA, fjalla um hið merka **ICELANDIC ROOTS**, sem starfar að ættfræðitengingum Vestur Íslendinga og Íslendinga hér á Fróni. Gagnagrunnur Icelandic Roots hefur vaxið ótrúlega og Sunna mun segja frá því ævintýri öllu.

Nánar um fundinn síðar.

TAKIÐ 12. APRÍL FRÁ FYRIR ÞENNAN FUND.

ÁRLEGT ÞJÓÐRÆKNISÞING ÞFÍ VERÐUR AÐ ÞESSU SINNI HALDIÐ
SUNNUÐ.19. ÁGÚST NK. KL.14-16:30.

ÞEGAR ERU KOMNAR ÁKVARÐANIR UM FLESTA ÞÆTTI DAGSKRÁRINNAR OG ER
ÓHÆTT AÐ SEGJA AÐ ÞAR VERÐI MJÖG SKEMMTILEG SAMKOMA.
KAFFI OG KLEINUR VERÐA Í BOÐI ÞFÍ.

TAKIÐ FRÁ 19. ÁGÚST - ALLIR VELKOMNIR OG TAKIÐ MEÐ YKKUR GESTI.

BÓKIN SEM VIÐ BÍÐUM EFTIR: VESTURÍSLENSKUBÓKIN:



Bókin sem þið hafið beðið eftir

kemur bráðum út!



Bókin *Vesturíslenskt mál og menning* er væntanleg á næstu mánuðum hjá Háskólaútgáfunni. Ritstjórar eru Birna Arnbjörnsdóttir (birnaarn@hi.is), Höskuldur Þráinsson (hoski@hi.is) og Úlfar Bragason (ulfarb@hi.is). Bókin er greinasafn og höfundar hafa lagt sig fram um að skrifa á skýran og aðgengilegan hátt. Gert er ráð fyrir eftirtöldum greinum:

I. Mál

Hvað einkennir vesturíslensku? Yfirlit um fyrri rit og rannsóknir

Birna Arnbjörnsdóttir og Höskuldur Þráinsson

Að flytja mál milli landa. Breytilegar málaðstæður heima og heiman

Ásta Svavarsdóttir

Mál til samskipta eða tengsla? Gildi íslenskunnar í Vesturheimi

Daisy Neijmann

Að skilja skýtnar setningar

Sigríður Magnúsdóttir, Iris Edda Nowenstein og Höskuldur Þráinsson

„Og hundurinn er að sofa líka.“ Um notkun framvinduhorfs í vesturíslensku

Kristín M. Jóhannsdóttir
„Hún er svo montin af að vera íslenskt.“ Erfðarmál sem spegill inn í eðli málkunnáttunnar
Sigríður Mjöll Björnsdóttir
Andlagsstökk í vesturíslensku
Jóhannes Gísli Jónsson
Besta úr báðum heimum. Um lítaheiti í vesturíslensku
Þórhalla Guðmundsdóttir Beck og Matthew Whelpton

II. Menning og saga

Menning og saga. Yfirlit um fyrri rit og rannsóknir
Úlfar Bragason
Íslendingar og Ameríka: Hvað er að vera Vestur-Íslendingur?
Ólafur Arnar Sveinsson
Var okkar fólk eitthvað spes? Nokkur sérkenni Íslendinga sem vesturfara og Vesturheimsbúa
Helgi Skúli Kjartansson
Þjóðerni, hagsmunir og hugsjónir í verkalýðshreyfingu Íslendinga í Winnipeg, 1890–1900
Vilhelm Vilhelmsson
Vesturför Torfa Bjarnasonar 1873, landnám og ævi bræðra hans í Nebraska
Alda B. Möller
Hrólfur
Úlfar Bragason
Kynbundinn munur á sögum Vestur-Íslendinga
Gísli Sigurðsson
Margræðar „Vonir“ Einars H. Kvaran
Guðrún Björk Guðsteinsdóttir
„Eiríkur Hansson“ er ævisaga þín ...
Dagný Kristjánsdóttir
Leikrit Guttorms J. Guttormssonar og heimsmynd
Birna Bjarnadóttir

Rætt hefur verið um að bjóða félögum í Þjóðræknisfélaginu að kaupa bókina á sérstöku áskriftarverði þegar þar að kemur. Nánari upplýsingar um það verða birtar þegar nær dregur og verð bókarinna og stærð liggur fyrir.

Ég hef áhuga á því að fylgjast með útgáfu bókarinnar *Vesturíslenskt mál og menning* og gæti hugsað mér að gerast áskrifandi að henni ef sérstök áskriftarkjör verða í boði.

Nafn:

Netfang:

Heimilisfang:

This image shows a blank sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.